

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18/3 2021
Málsnr:	2012511
Bréfal:	520

Hafnarfirði, 19. mars 2021

Til Bæjarráðs Hafnarfjarðar,  
Ráðhúsinu við Strandgötu.

Efni: Hverfisgata 14, lóðarstækkun, sem tekin ar fyrir á fundi bæjarráðs hinn 11. mars, 2021.

Leyfum okkur hér með að óska endurskoðunar á ákvörðun bæjarráðs 11. mars, 2021 varðandi ofangreint málefni, þannig að umsóknin megi ná fram að ganga.

Athugasemdir við umsögn skipulagsfulltrúa eru:

Forsendur eru gjöbreyttar:

Í skipulagi er nú gert er ráð fyrir flutningshúsi eins og skipulagsfulltrúi greinir .

Fram kom áður að fyrir dyrum stæði að vinna að úttekt á stæðum við Hverfisgötu (júlí 2017).

Ekki hefur orðið vart við þá úttekt og óljóst hvernig gengið kann að verða frá bílastæðamálum í tengslum við það flutningshús sem koma kann á Hverfisgötu 12.

Skerðing á almenningssvæði sem er nefnd, er að okkar mati mjög yfirdrífín.

Þar sem stór hluti af Lárugerði hefur verið skipulagður undir flutningshús er varla hægt að segja að bílastæði við H 14 skerði á nokkurn hátt það litla svæði sem þá er eftir sem almenningssvæði.

Ætlað er að göngustígur liggja milli Hverfisgötu og Austurgötu um svæðið.

Bílastæði Hverfisgötu 14 (H14) mun ekki takmarka pláss fyrir göngustíg frá Hverfisgötu og umgangur fólks austast í Lárugerði götumegin (á umsóttu bílastæði), hefur enginn verið síðan Lára var með blómarækt á lóðinni um miðja síðustu öld.

Við nefnum 5 metra stækkun í vesturátt, eða minni að mati bæjarins, og er þar haft í huga hvað best myndi henta upp á útsýn og umferðina sem kemur niður Hraunstíg.

Hvað okkur varðar er minni stækkun vel ásættanleg.

1 metri hefur áður verið nefnt að líklega mundi duga, 1,5 metri væri að okkur sýnist vel nóg.

Úr þeirri hættu þegar bakkað yrði úr stæði, hefur skipulagsfulltrúi mikið gert og er sú athugasemd óþörf.

Bent er á, að samskonar fyrirkomulag stæða og sótt er um hér, er hvarvetna að finna í allra næsta nágrenni, sjá t.d. meðfylgjandi myndir af stæðum og bílageymslum við Hverfisgötu frá Reykjavíkurvegi að Hraunstíg.

Bílar eru hættuleg tæki hvar sem þeir eru og samfélög fólksins hafa sætt sig við það.

Samþykki umsóknarinnar fæli ekki í sér meiri hættu en á þeim fjölmörgu stöðum þar sem bílar yfirleitt koma við sögu.

Okkur sýnist of mikið gert úr því hvað stæði skv. umsókninni tæki mikið pláss frá götustæðunum. Í því sambandi má miða við bíl af mjög hóflegri stærð.

Við teljum að þessi umsókn sé hófstíllt og leyfum okkur að vonast eftir jákvæðri niðurstöðu.

Virðingarfyllst.



Stað. 12. Kjeldur



①

RADAR FRÁ REYKJAVÍKURVEGI.



②





③







5